

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Fornahvarf 10. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 26. september 2023 breytingu á deiliskipulagi Vatnsenda fyrir lóðina nr. 10 við Fornahvarf.

Á lóðinni í dag er íbúðarhús ásamt stakstæðri geymslu og hesthúsi samtals 331,2 m² að flatarmáli. Í deiliskipulagi Vatnsenda sem samþykkt var í bæjarráði 9. október 2008 er heimilt að byggja og reka þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn á lóðinni. Gert var ráð fyrir auðflytjanlegri timburbyggingu, 136 m² að grunnfleti.

Í breytingunni felst að fallið er frá fyrri áformum um þjónustumiðstöð á lóðinni. Þess í stað verður núverandi íbúðarhús á lóðinni stækkað um 467 m² til norðurs á tveimur hæðum og kjallara ásamt útivaðlaug að sunnanverðu auk áorðinna breytinga þar með talið nýtt gufubað og stækkun á sólskála. Áætlað er einnig að byggja 185,5 m² vinnustofu á norðausturhluta lóðarinnar, tvöfaldan 56,3 m² bíl-skúr á suðvesturhluta lóðarinnar og að breyta geymslu að hluta til í gestahús og stækka það um 5,4 m². Byggingarmagn á lóðinni eykst um 714,2 m² og mun því eftir breytinguna verða um 1.050 m². Lóðin er 4.800 m² og mun því nýtingarhlutfall á lóðinni hækka úr 0,07 í 0,22 við breytinguna.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. október 2023.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. október 2023